

Vatnshæð í Skorradalsvatni 2018

Árið 2018 var leitast við að ná markmiðum um að halda rennsli neðan Andakílsárvirkjunar innan marka þannig að það sé ekki minna en $2 \text{ m}^3/\text{s}$ vegna lax og lífríkis í ánni þrátt fyrir umhverfisslys um mitt árið 2017.

Utan tímabils í mars og október náðist markmið um að halda vatnsborðssveiflum í Skorradalsvatni innan marka sem eru 1,08 m í eðlilegum rekstri að vetrarlagi en 0,4 m á sumrin.

